

Ed.

856. Frumvarp til laga

um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 822 með þeirri breytingu, að 7. gr. hljóðar svo:

Almennt eftirlit með framkvæmd laga þessara hafa lögreglustjórar, hver á sinum stað, með aðstoð héraðslækna, heilbrigðisnefnda og tollvörzlumanna.

Ráðherra má auk þess, svo sem nauðsyn krefur, fela sérstökum eiðsvörnum kunnáttumönnum eða opinberum stofnunum, sem hafa kunnáttumönnum á að skipa, einstakar greinir eftirlitsins og jafnvel stjórn þess í heild. Hlutaðeigendum skal jafnan skylt að leyfa eftirlitsmönnum óhindraðan aðgang til eftirlits á þeim stöðum, þar sem matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur eru búnar til, eða þar sem um slíkar vörur er búið, þær geymdar, fluttar eða á annan hátt með þær farið, eða þar sem slíkar vörur eru hafðar á boðstólum, seldar eða látnar á annan hátt af hendi, svo og að láta eftirlitsmönnum ókeypis í té nauðsynleg sýnishorn til rannsóknar, gefa þeim, eftir því sem þörf krefur vegna eftirlitsins, upplýsingar um aðferðir við tilbúning, umbúnað, geymslu, flutning, afgreiðslu og aðra meðferð á slíkum vörum, heimila þeim aðgang að innkaupsreikningum og öðrum skjölum, er máli skipta fyrir starf þeirra, og að aðstoða þá í öllum greinum við framkvæmd eftirlitsins.

Ráðherra er heimilt að ákveða nánar í reglugerð um tilhögun eftirlitsins. Í reglugerðinni má ákveða, hverjar aðferðir skuli viðhafðar við rannsóknir á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, til að sannreyna vörurnar. Kostnaður við eftirlitið greiðist úr rikissjóði. Heimilt skal þó með reglugerðar-ákvæði að leggja gjald á vörur þær, sem eftirlitinu eru háðar, til greiðslu á þeim kostnaði, og skal það gjald miðað við verðmæti framleiðslunnar eða innflutningsins.